

Nokkrar handlínur

bróderaðar handa

Kristínu Bjarnadóttur

sextugri

9. janúar 2010

Menningar- og minningarsjóður Mette Magnussen
Reykjavík 9. janúar 2010

© höfundar; kápumynd: Ingibjörg Ágústsdóttir
Umsjón: Sigrún Helgadóttir, Ásta Svavarsdóttir og Jón Hilmar Jónsson.

Bók þessa má afrita með ýmsum hætti, svo sem með ljósritun, prentun, hljóðritun, kvíkmyndun (myndband), lesvél eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, enda sé það gert í fullu samráði við höfunda og með skriflegu leyfi þeirra.

Nýja þolmyndin og hringurinn sem mér var gefið

1. Inngangur

Flestir ættu að kannast við leikinn Í grænni lautu. Ég áttaði mig á því fyrir ekki svo löngu að þegar ég var á leikskólaaldri hefði ég líklega farið vitlaust með textann:

- (1) Í grænni lautu, þar geymi ég hringinn,
sem mér var **gefið** og hvar er hann nú,
sem mér var **gefið** og hvar er hann nú?

Ég held sem sagt að ég hafi sungið *gefið*¹ en ekki *gefinn* eins og venjan er enda ætti lýsingarátturinn að samræmast nafnorðinu *bringinn* í kyni og tölu.

En hvers vegna skyldi ég hafa breytt vísunni á þennan hátt? Þetta er mögulega afbrigði hinnar svokölluðu nýju þolmyndar² sem hefur hingað til verið talin ótæk í máli flestra. Hún hefur fyrst og fremst verið tengd við mál yngra fólks. Nýja þolmyndin er hluti af mínu móðurmáli og ætla ég hér að lýsa því aðeins betur, þ.e. mínu *innra máli* (e. *I-language*, þar sem *I* stendur fyrir ‘internal’, ‘individual’ og ‘intensional’, sbr. Chomsky 1995:6), m.t.t. nýju þolmyndarinnar.

Hefðbundin þolmynd er einnig hluti af máli mínu. Ég get því bæði sagt (2) og (3):

- (2) Í gær var mér *gefinn* hringur. (þolmynd)
- (3) a. Það var **gefið** mér hring í gær. (nýja þolmyndin)
b. Í gær var **gefið** mér hring. (nýja þolmyndin)
c. Í gær var mér **gefið** hring. (nýja þolmyndin)

Ég samþykki einnig (4):

- (4) Þetta er hringurinn sem var **gefið** mér í gær. (nýja þolmyndin)

¹Eftirfarandi dæmi á netinu bendir til að fleiri hafi farið þannig með textann (sótt 4. desember 2008, leturbreytingar mínar):

(i) [...] og þegar við vorum búnar að syngja “í grænni lautu þar geymi ég **hringinn** sem mér var **gefið** og hvar er hann nú? **sem mér var gefið** og hvar er hann nú??” [...]

²Talsvert hefur verið fjallað um nýju þolmyndina á undanförnum árum. Umræðan hefur ekki síst snúist um eðli hennar en sumir telja hana vera nýja gerð ópersónulegrar germyndar en aðrir að hún sé þolmynd (sbr. Sigríður Sigurjónsdóttir og Maling 2001 annars vegar og Þórhallur Eyþórsson 2008 og Jóhannes Gísli Jónsson 2009 hins vegar).

Dæmi (3a–b) og (4) eru e.t.v. ólík (3c) að eðli. Í (3a–b) eru báðir rökliðir, *mér* og *bring*, í andlagssætum og í tilvísunarsetningunni í (4) er *mér* í sæti óbeins andlags. Í (3c) aftur á móti er *mér* í sæti frumlags.³ Til einföldunar eru allar setningarnar í (3)–(4) flokkaðar sem dæmi um nýju þolmyndina.

Hér verður rætt um þolmynd tveggja andlaga sagna og dæmi á borð við (1) *Þar geymi ég bringinn sem mér var gefið* og hvað þau geta sagt um breytingar á þolmynd. Þess má þó geta áður en lengra er haldið að í máli mínu er ný þolmynd eins andlags sagna einnig tæk, sbr. (5a), og það eru tilvísunarsetningar án samræmis líka, sbr. (5b):

- (5) a. Það var **aðstoðað** stelpuna.
 b. Þetta er stelpan sem var **aðstoðað**.

Með sumum sögnum þykir mér þó einungis a-gerðin í (5) tæk:

- (6) a. Það var **keypt** hringinn á útsölu.
 b. *Petta er hringurinn sem var **keypt** á útsölu.

Í þessum hluta hef ég lýst málkunnáttu minni. Athugum nú hvort aðrir málhafar samþykkja dæmi á borð við (1).

2. Könnun á notkuninni

Við Hlíf Árnadóttir (Hlíf Árnadóttir og Einar Freyr Sigurðsson 2008, Einar Freyr Sigurðsson og Hlíf Árnadóttir 2009) höfum athugað í sameiningu tengsl milli breytinga á þolmynd og breytinga á svokölluðum þGF–NF-sögnum (t.d. *áskotnast*, *blotnast*, *líka*; sjá 3. hluta greinarinnar). Við höfum fundið fleiri dæmi svipuð (1) á netinu (sótt 4. desember 2008):⁴

- (7) a. En í sumar [...] mun ég **sækja nokkrar bækur sem mér var gefið** [...]
 b. Ég held að þetta sé einn af þessum **hæfileikum sem mér var gefið** [...]

Við ákváðum því að kanna þetta (og ýmislegt fleira) aðeins nánar. Við fengum nokkra vini okkar á Fésbók (<http://facebook.com>) til að taka þátt í netkönnun sem við höfðum útbúið á síðunni Google Docs

³ Ef (3c) er dæmi um nýju þolmyndina virðist germyndartilgáta Sigríðar Sigurjónsdóttur og Maling (2001) um hulið fornafn í frumlagssæti ósennileg eins og Jóhannes Gísli Jónsson (2009) bendir á (sbr. dæmi (41b) á bls. 303 í grein hans):

(ii) Var þeim ekki ekki einu sinni sýnt íbúðina fyrst?

Hér er rökliðurinn *þeim*, sem samsvarar óbeinu andlagi í germynd, í frumlagssæti og því ekki pláss þar fyrir ósýnilegt fornafn.

⁴ Hér sem annars staðar hirði ég ekki um að tilgreina heimildir þegar ég vísa til máldæma af netinu. Leturbreytingar í þessum dæmum eru mínar.

(<http://docs.google.com>). Unnið var úr svörum 36 þáttakenda en þeir eru fæddir á tímabilinu 1979–1992.

Eitt af mörgu sem við athuguðum var notkun lýsingarháttarins í (1).

- (8) Skrifaðu í reitinn rétt orð í stað striksins í eftirfarandi textabroti. Ef þú kannast ekki við textann máttu giska á orðið.

Í grænni lautu, þar geymi ég hringinn, sem mér var _____ og hvar er hann nú?

Eins og við var að búast skrifuðu flestir kk. *gefinn* en nokkrir kvk. *gefin* (ég túlka þessar kvenkynsmyndir sem samræmi við *bringinn*). Þá skrifaði einn kk. *boðinn*. Einn skrifaði ekki í reitinn. Þeir voru svo fjórir sem skrifuðu hk. *gefíð* og einn skrifaði hk. *sýnt*. Það þýðir að fimm svaranna voru án beygingarsamræmis.

3. Uppruni nýrrar þolmyndar

Gera verður ráð fyrir því að *bringinn* í (1) hafi færst, þ.e. að einhvers konar djúpgerð eða grunngerð setningarinnar sé önnur (s táknar spor):

- (9) Þar geymi ég **bringinn**, sem mér, var gefið s_i s_j.

Samkvæmt þessu hefur *mér* færst í frumlagssæti tilvísunarsetningarinnar en nafnorðið *bringinn* færst úr henni í aðalsetninguna. Þolfallið er auðvitað til komið vegna þess að sögnin *geyma* stýrir fallinu og því sést upphaflegt fall orðsins ekki. Ætla mætti að það væri þolfall, sbr. (3c). Það er þó ekki öruggt og þ.a.l. er ekki víst að (9) sé dæmi um nýju þolmyndina. Ég get þó ekki sagt eftirfarandi:

- (10) *Í gær var mér gefið hringur.

Hér er ekki samræmi á milli lýsingarháttarins og nefnifallsins og það þykir mér ótækt. Þó finnast dæmi um þetta á netinu (Hlíf Árnadóttir og Einar Freyr Sigurðsson 2008):

- (11) a. Þegar **mér** var **gefið miði** á hinn ömurlega einleik [...]
b. Málið er að **mér** var **gefið hún** [þ.e. rakvél] í afmælisgjöf en hún var keypt úti.

Við höfum því látið okkur detta í hug að upphaf nýju þolmyndarinnar megi rekja til breytinga á þolmynd tveggja andlaga sagna á borð við *gefa*. Fyrst hverfi nefnifallssamræmi í þolmynd og í kjölfarið geti aðalsagnir úthlutað rökliðum þolfalli, þ.e.a.s. ef þær úhluta beinu andlagi þolfalli í germynd. Fyrra stigið, sbr. (11), sé sambærilegt við samræmisleysi þgf-nf-sagna, sbr. (12b):

- (12) a. Mér **líka** þessir bílar. (samræmi við nefnifall)
 b. Mér **líkar** þessir bílar. (samræmisleysi)

Við teljum að síðara skrefið, sbr. (3c) *Í gær var mér gefið hring*, eigi sér einnig samsvörun meðal þgf–nf-sagna, þ.e. þegar þær fara að úthluta þolfalli í stað þess að taka nefnifallsandlag. Nokkur dæmi um þetta finnast á netinu ((13a–b) sótt 4. desember 2008, (13c) sótt 6. október 2009):

- (13) a. Hjúkket að **mér áskotnaðist pening** því hárið á mér er orðið frekarasnalegt..
 b. En hey, hljómsveitin er samt ekki slæm þó **mér líkar hana** ekki.
 c. [...] en sjálf átti Katrín alls ekki von á að **hlotnast pennan heiður** nú.

Dæmi sem þessi eru tiltölulega fá eins og Halldór Árman Sigurðsson (væntanlegt) bendir á. Þrátt fyrir það teljum við Hlíf ekki rétt að líta fram hjá þessum dæmum. Við vonumst til að gera hugmyndum okkar betri skil annars staðar.

Dæmi um samræmisleysi í þolmynd einskorðast þó ekki við tveggja andlaga sagnir (er þá átt við dæmi eins og (11)) og það mælir e.t.v. gegn því að uppruna nýju þolmyndarinnar sé að leita þar. Ásbjörg Benediktsdóttir (2008) sýnir nokkur dæmi úr talmáli sem sýna sæmræmisleysi hjá eins andlags sögnum (í (14a) sést fall orðanna *franskars* og ís ekki, leturbreytingar mínar):

- (14) a. Það var **keypt hamborgari**, franskars og ís.
 b. Ef þetta er eitthvert vandamál þá er **keypt bara nuddtími**.
 c. Þetta var meira svona á milli máltíða, þá var **sett pottur** á [hlóðir].

Ásbjörg segir að hugsanlega sé um að ræða millistig milli nýju þolmyndarinnar og leppþolmyndar (með gervifrumlaginu eða leppnum *það*).

4. Lokaorð

Hér hefur verið rætt um hvers konar málfræði setningar á borð við *Þetta er bringurinn sem mér var gefið endurspeglar*. Þær geta verið til marks um nýju þolmyndina en sá möguleiki er einnig fyrir hendi að þær sýni eldra stig breytingarinnar. Breytingar á þolmynd tveggja andlaga sagna eru þá e.t.v. sams konar og breytingar á þGF–NF-sögnum.

Heimildir

Ásbjörg Benediktsdóttir. 2008. Nýja þolmyndin. Fyrsta þolmyndun barna? B.A.-ritgerð, Háskóla Íslands, Reykjavík.

Chomsky, Noam. 1995. *The Minimalist Program*. MIT Press, Cambridge, Massachusetts.

Einar Freyr Sigurðsson og Hlíf Árnadóttir. 2009. Nefnifallssamræmi og þolmynd. Erindi flutt á Mímisþingi, málþingi íslenskunema. Reykjavík 28. mars.

- Halldór Árman Sigurðsson. Væntanlegt. On the New Passive. Verður birt í tímaritinu *Syntax*.
- Hlíf Árnadóttir og Einar Freyr Sigurðsson. 2008. The glory of non-agreement: The rise of a new passive. Erindi flutt í málstofunni The glory of Babel: celebrating diversity in languages and linguistics, á ráðstefnunni Cultures in Translation: Nordic Network for Intercultural Communication — NIC 2008. Reykjavík 6. desember.
- Jóhannes Gísli Jónsson. 2009. The new impersonal as a true passive. Artemis Alexiadou, Jorge Hankamer, Thomas McFadden, Justin Nuger og Florian Schäfer (ritstj.): *Advances in Comparative Germanic Syntax*, bls. 281–306. John Benjamins, Amsterdam.
- Sigríður Sigurjónsdóttir og Joan Maling. 2001. Það var hrint mér á leiðinni í skólann: Þolmynd eða ekki þolmynd? *Íslenskt mál* 23:123–180.
- Þórhallur Eyþórsson. 2008. The New Passive in Icelandic really is a passive. Þórhallur Eyþórsson (ritstj.): *Grammatical Change and Linguistic Theory: The Rosendal papers*, bls. 173–219. John Benjamins, Amsterdam.
- Bjóðviljinn*, 2. apríl 1958, bls. 6.